



Fundargerð.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundaði þriðjudaginn 9. september 2014.

Fundur hefst kl. 13⁰⁰ í Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri.

Þetta er 375. fundur sveitarstjórnar, 10. fundur ársins 2014.

Fundargerð er tölvuskráð af sveitarstjóra og er 6 blaðsíður.

Eva Björk Harðardóttir oddviti, býður fundarmenn velkomna.

Guðmundur Ingi Ingason boðaði forföll í hans stað mætir Auður Eypórsdóttir 2. varamaður Ó lista.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðaði forföll í hennar stað mætir Jóna Björk Jónsdóttir varamaður Z lista.

Mættir undirritaðir sveitarstjórnarmenn ásamt Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá að við málefnskrá bætist:

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu:

15. Aðalfundarboð Hulu b.s.

16. Umsókn um leiguhúsnæði.

Fundargerðir til kynningar:

6. 7. fundur stjórnar þjónusturáðs málefna fatlaðra á Suðurlandi.

7. 8. fundur stjórnar þjónusturáðs málefna fatlaðra á Suðurlandi.

Einnig óskar oddviti eftir að Gústaf Ásbjörnsson mæti til fundarins fyrir hönd

Landgræðslunnar og fá að færa 5. lið í málefni til umfjöllunar til afgreiðslu fram fyrir í dagskrá og að erindi frá Landgræðslunni verði tekið fyrir sem fyrsta mál.

Dagskrábreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Sveitarstjóri var í sumarfrú í 10 daga 11. til 22. ágúst.

Umhverfisráðherra kom til fundar við sveitarstjórn föstudaginn 8. ágúst s.l. Hann tilkynnti þar um áform sín um að skipa nefnd sem fjalla eigi um Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri og óskaði eftir að sveitarstjórn tilnefndi tvo fulltrúa í nefndina. Sveitarstjórn sammæltist um að tilnefna oddvita og sveitarstjóra í nefndina. Í nefndinni sitja Silja Dögg Gunnarsdóttir alþingismaður, formaður nefndarinnar, Vilhjálmur Árnason alþingismaður, Hjalti Þór Vignisson formaður stjórnar Vatnajökulshjóðgarðs, Eva Björk Harðardóttir oddviti Skaftárhrepps og Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps.

Gengið hefur verið frá þinglýsingu afsals tilhanda Skaftárhreppi vegna lóðar að Iðjuvöllum 1 og er afsal tilhanda Olíuverslun Íslands vegna sömu lóðar tilbúið til þinglýsingar.

Sveitarstjórn lýsir þungum áhyggjum vegna tillögu sem fram hefur komið um fyrirhugaða skerðingu á stöðugildi sóknarprests í Skaftárhreppi. Sveitarstjóra falið að koma áhyggjum sveitarstjórnar á framfæri.

Fjarskipti hafa ekki batnað í sveitarfélaginu með tilkomu senda á Kistufelli og við Sléttaból. Vegna ábendinga frá aðilum úr Skaftártungu um að fjarskiptasamband hafi ekki batnað.

Sveitarstjórn óskar eftir nánari upplýsingum um niðurstöðu útbreiðslu fjarskiptasambands og felur sveitarstjóra að hafa samband við Almannavarnarnefnd um málið.



I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Ítrekun erindis Landgræðslu Ríkisins um landgræðslusamning og friðun jarðarinnar Ár fyrir beit. *Gústaf Ásbjörnsson héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins mætir til fundarins og fer yfir ástæður erindisins og mikilvægi aðgerða á landsvæði jarðarinnar Ár.*

Oddviti þakkar Gústaf fyrir komuna.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu og að það sé ósk sveitarstjórnar að erindinu sé vísað til starfshóps um málefni Skaftár.

2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps, seinni umræða. Fyrir fundinum liggja endurskoðuð drög að Samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps. *Sveitarstjórn fór yfir Samþykktirnar og staðfestir breytingarnar. Sveitarstjóra falið að senda þær til innanríkisráðuneytis til staðfestingar.*
3. Siðareglur kjörinna fulltrúa Skaftárhrepps, seinni umræða. Fyrir fundinum liggja endurskoðuð drög að siðareglum kjörinna fulltrúa Skaftárhrepps. *Sveitarstjórn samþykkir siðareglurnar og staðfestir þær með undirskrift sinni. Sveitarstjóra falið að senda þær til innanríkisráðuneytis til staðfestingar.*
4. Endurskoðun erindisbréfa fastanefnda Skaftárhrepps. Fyrir fundinum liggja endurskoðuð drög að erindisbréfum fastanefnda Skaftárhrepps. *Umsagnir nefnda hafa borist og eru athugasemdir þeirra færðar í endurskoðuð erindisbréf.*

Erindisbréf atvinnumálanefndar – samþykkt.

Vegna fjölgunar fulltrúa í nefndinni í 5 eru tilnefndir aðalmenn: Sveinn H. Jensson (D) og Gunnar Pétur Sigmarsson (Ó). Varamenn verði Erla Ólafsdóttir (D), Bjarki Guðnason (D), Viðar Björgvinsson (Ó) og Linda Harðardóttir (Ó).

Erindisbréf fræðslunefndar – samþykkt.

Erindisbréf fjallskilaneftanda – samþykkt.

Erindisbréf íþrótt- og tómstundaneftanda – samþykkt.

Erindisbréf jafnréttisneftanda – samþykkt.

Erindisbréf menningarmálanefndar – samþykkt.

Erindisbréf rekstrarneftanda Klausturhóla – samþykkt.

Vegna fjölgunar fulltrúa í nefndinni í 5 eru tilnefnd aðalmenn: Sigurður Árnason og Sigurlaug Jónsdóttir. Kjartan Magnússon verði formaður. Varamenn verði Ragnheiður Símonardóttir, Erla Ívarsdóttir, Anna Sigríður Bjarnadóttir, Kristín Lárusdóttir og Hörður Davíðsson.

Erindisbréf skipulags- og bygginganeftanda – samþykkt.

Erindisbréf umhverfis- og náttúruverndarneftanda – samþykkt.

5. Endurskoðun Samþykktar um hundahald.

Núgildandi samþykkt var staðfest í umhverfisráðuneytinu 29. maí 1995.

Sveitarstjóra falið að yfirfara samþykktina og uppfæra hana og gera tillögu að samþykkt sem tekur til bæði hunda- og kattahalds í sveitarfélaginu.



6. Málefni Tungusels.
Bjarki fór yfir stöðu Tungusels og mun boða hússtjórn til fundar sem fyrst.
7. Beiðni um endurgreiðslu fasteignagjalda 2013 frá björgunarsveitinni Stjörnunni.
Upphæð fasteignagjalda björgunarsveitarinnar Stjörunnar árið 2013 voru 56.656 kr.
Endurgreiðslubeiðnin samþykkt. Afgreiðsla fjármuna tiltekin í lið 13 viðauka við fjárhagsáætlun.
8. Beiðni um styrk á móti fasteignagjöldum 2014 frá björgunarsveitinni Stjörnunni.
Upphæð fasteignagjalda björgunarsveitarinnar Stjörunnar árið 2014 eru 60.563 kr.
Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir styrk til björgunarsveitanna vegna fasteignagjalda og er beiðnin því samþykkt.
9. Beiðni um styrk á móti fasteignagjöldum 2014 frá björgunarsveitinni Kyndli.
Upphæð fasteignagjalda björgunarsveitarinnar Kyndils árið 2014 eru 306.490 kr.
Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir styrk til björgunarsveitanna vegna fasteignagjalda og er beiðnin því samþykkt.
10. Tilnefning fulltrúa í stjórn Velunnarasjóðs Klausturhóla.
Samkvæmt skipulagsskrá Velunnarasjóðsins skal stjórn sjóðsins skipa 3 menn, 1 tilnefndur af stjórn Klausturhóla og 2 af sveitarstjórn.
Tilnefnd eru Auðbjörg Bjarnadóttir og Sverrir Gíslason fyrir hönd sveitarstjórnar.
11. Tilnefning tveggja fulltrúa á ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, sem haldin verða 21. og 22. október n.k. á Kirkjubæjarklaustri.
Fulltrúar Skaftárhrepps á þinginu verða Eva Björk Harðardóttir oddviti og Jóhannes Gissurarson. Varamenn verða Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Guðmundur Ingi Ingason. Sveitarstjóri hefur seturétt á þinginu.
12. Tilnefning í stjórn Kötlu Jarðvangs, bréf frá Kirkjubæjarstofu, dags. 4. september 2014.
Í bréfi Kirkjubæjarstofu kemur fram að stjórn Kirkjubæjarstofu leggi til að Skaftárhreppur tilnefni aðalmann í stjórn Kötlu Jarðvangs á yfirstandandi kjörtímabili en Kirkjubæjarstofa tilnefni varamann. Stjórn Kirkjubæjarstofu tilnefnir forstöðumann Kirkjubæjarstofu, Ólafíu Jakobsdóttur sem varamann í stjórn Kötlu jarðvangs.
Sveitarstjórn samþykkir tillögu stjórnar Kirkjubæjarstofu en frestar tilnefningu um aðalmann til næsta sveitarstjórnarfundar.



Skaftárhreppur

13. Viðauki við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2014.

Yfirlit í samræmi við auglýsingu nr. 790/2001						Samantekt allra viðauka.		
nr	Málaflokkur	Skýring	Viðauki við fjárhagsáætlun			Upphafleg áætlun Rekstrar-niðurstaða	Samtals viðaukar Rekstrar-niðurstaða	Fjárhagsáætlun m.viðaukum Rekstrar-niðurstaða
			RT - rekstrar tekjur þús.kr	RÚ - rekstrar útgjöld þús.kr.	Samtals viðauki - RT-RÚ þús.kr			
A- hluti								
00	Skatttekjur				0	-294.900	0	-294.900
02	Félagsþjónusta			70	70	21.640	70	21.710
03	Heilbrigðismál				0	0	0	0
04	Fræðslu- og uppeldismál				0	149.305	0	149.305
05	Meningarmál				0	12.912	0	12.912
06	Æskulýðs- og íþróttamál				0	48.378	0	48.378
07	Brunamál og almannavarnir			24	24	4.795	24	4.819
08	Hreinlætismál				0	20.020	0	20.020
09	Skipulags- og byggingarmál				0	6.314	0	6.314
10	Umferðar og samgöngumál				0	4.815	0	4.815
11	Umhverfismál		515		-515	1.984	-515	1.469
13	Atvinnumál			-2.969	-2.969	13.323	-2.969	10.354
20	Framlög til B- hluta				0		0	0
21	Sameiginlegur kostnaður			2.662	2.662	26.861	2.662	29.523
22	Breyting lífeyrisskuldbindinga				0		0	0
27	Óvenjulegir liðir				0		0	0
28	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				0	-14.102	0	-14.102
31	Eignasjóður		11.625	19.969	8.344	-31.120	8.344	-22.776
33	Þjónustumiðstöð				0	0	0	0
59	Aðrar A-hluta stofnanir				0		0	0
91	Millifærslur				0		0	0
A - hluti			12.140	19.756	7.616	-29.774	7.616	-22.158
B - hluti								
51	Íbúðir aldraðra				0	-131	0	-131
55	Leiguíbúðir			1.000	1.000	-1.356	1.000	-356
57	Félagslegar íbúðir				0	611	0	611
61	Fráveita				0	-2.785	0	-2.785
63	Sorþorka				0	-2.062	0	-2.062
B - hluti			0	1.000	1.000	-5.723	1.000	-4.723
A - og B - hluti			12.140	20.756	8.616	-35.497	8.616	-26.881
Rekstur								
<i>Útfærð ákvörðun hvernig viðauka er mætt.</i>								
nr.	Aðgerð	Skýring	Samt. þús.kr					
	Handbært fé		8.616					

Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2014 samþykktur.

14. Staða fjármála Skaftárhrepps.

Fyrir liggur yfirlit um rekstrarstöðu sveitarfélagsins janúar – júní 2014.

Rekstur sveitarfélagsins er skv. fjárhagsáætlun.

15. Aðalfundur Hulu bs. haldinn í Vík, 10. september 2014.

Sveitarstjóri mun vera fulltrúi Skaftárhrepps á fundinum.

16. Umsókn um leiguhúsnaði, erindi frá Jóhönnu Sif Sigurðardóttur og Frey Frímannssyni dags. 25. ágúst 2014.

Ekkert húsnaði er laust á vegum Skaftárhrepps að svo stöddu og er umsóknin móttekin.



II. Fundargerðir til samþykktar.

1. fundargerð menningarmálanefndar, 18. ágúst 2014.
fundargerðin samþykkt.
58. fundur íþróttá- og tómstundanefndar, 19. ágúst 2014.
fundargerðin samþykkt.
1. fundargerð atvinnumálanefndar, 20. ágúst 2014.
fundargerðin samþykkt.
132. fundur fræðslunefndar, 27. ágúst 2014.
fundargerðin samþykkt.
104. fundur skipulags- og bygginganefndar, 2. september 2014.
Skipulagsmál:
7. Skaftárvellir – deiliskipulag, afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
8. Austurhlíð – stofnun lóðar, afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.
Fundargerðin í heild samþykkt.
99. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla, 3. september 2014.
fundargerðin samþykkt.
1. fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar, 15. ágúst 2014.
fundargerðin samþykkt.
- Fundargerð fjallskilanefndar Álftaversafréttar, 20. ágúst 2014.
fundargerðin samþykkt.
- Fundargerð fjallskilanefndar Álftaversafréttar, 26. ágúst 2014.
fundargerðin samþykkt.

III. Fundargerðir til kynningar.

17. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 25. ágúst 2014.
- *Fundargerðin kynnt.*
- Stjórnarfundur Friðar og frumkrafta, 24. ágúst 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
91. fundur Héraðsnefndar V-Skaftafellssýslu, 14. júlí 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
158. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 29. ágúst 2014. - *Fundargerðin kynnt.*
8. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu, 26. ágúst 2014. -
Fundargerðin kynnt.
7. fundur stjórnar þjónusturáðs málefna fatlaðra á Suðurlandi - *Fundargerðin kynnt.*
8. fundur stjórnar þjónusturáðs málefna fatlaðra á Suðurlandi - *Fundargerðin kynnt.*



IV. Annað kynningarefni.

1. Ályktanir 9. fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA um loftslags- og orkumál og málefni norðurslóða, dags. 10. júlí 2014.
2. 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna
3. Um gerð landbótaáætlana, bréf frá Landgræðslunni.
4. Skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum nr. 10/2008.

V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl. 16:30.

Næsti fundur boðaður með dagskrá fimmtudaginn 9. október 2014 kl. 13:00.

Eva Björk Harðardóttir.

Auður Eyþórsdóttir.

Jóna Björk Jónsdóttir.

Jóhannes Gissurarson.

Bjarki V. Guðnason.